

Skil á afdreginni staðgreiðslu af fjármagnstekjum

Tímabil 1. apríl - 30. júní

Með orðsendingu þessari er vakin athygli á reglum um staðgreiðslu og rafrænum skilum á skatti af fjármagnstekjum árið 2010

Fjármagnstekjuskattur er 18% frá 1. janúar 2010.

Arðgreiðslur

Skylda til að draga staðgreiðslu af arði og skila í ríkissjóð hvílir á öllum einkahlutafélögum, hlutafélögum og öðrum félögum með takmarkaða ábyrgð félagsaðila.

Vaxtatekjur

Skylda til að draga staðgreiðslu af vaxtatekjum, þ.m.t. innleystur gengishagnaður á staðgreiðslu-ári og áfallinn gengishagnaður í árslok af reikningum í innlánsstofnunum, og skila í ríkissjóð hvílir á innlendum innlánsstofnunum, verðbréfafyrirtækjum, verðbréfamíðlurum, eignarleigufyrirtækjum og öðrum fjármálastofnunum, lögmönnum, löggiltum endurskoðendum og öðrum fjárvörsluaðilum, tryggingafélögum svo og sérhverjum öðrum aðilum sem hafa atvinnu af fjárvörslu, milligöngu eða innheimtu í verðbréfavíðskiptum eða annast innheimtu fyrir aðra.

Skiladagur - skilastaðir

Gjalddagi afdreginnar staðgreiðslu fjármagnstekjuskatts á öðrum ársfjórðungi 2010 er 20. júlí en eindagi er 4. ágúst.

Skilaskyldur aðili skal ótilkvaddur greiða staðgreiðslu af fjármagnstekjum í síðasta lagi á eindaga.

Rafræn skil á fjármagnstekjuskatti

Nú er hægt að gera skil á fjármagnstekjuskatti á rafrænan hátt. Farið er á þjónustusíðu ríkisskattstjóra, skattur.is, með kennitölu og aðallykli eða skilalykli. Síðan er valið vefskil > staðgreiðsla fjármagnstekjuskatts og opnast þá form útfyllingar. Fylgja þarf leiðbeiningum til enda og verður þá til krafa í heimabanka gjaldanda.

Hafi ekki verið um að ræða neinar skattskyldar greiðslur arðs og vaxtatekna á tímabilinu skal gera grein fyrir því.

Peir sem ekki skila rafrænt

Á rsk.is er hægt að nálgast skilagrein til að skila fjármagnstekjuskatti. Eyðublaðið heitir RSK 5.19.

Útfylling skilagreinar (gíróseðils)

Fjárhæð staðgreiðslu er færð í tvennu lagi; annars vegar staðgreiðsla af arði og hins vegar staðgreiðsla af vöxtum. Auk þess skal ávallt fylla út samtölureitinn í efstu línunni.

Hafi engin staðgreiðsla verið innheimt af vaxtatekjum eða arði á tímabilinu, skal gera grein fyrir því með því að setja núll í fjárhæðareitina en X í þar til gerða reiti fyrir neðan.

Þessari skilagrein þarf að skila til innheimtumanns ríkissjóðs ásamt greiðslu.

Næsti skiladagur

Af fjármagnstekjum sem til falla eftir 1. janúar ber að halda eftir 18% staðgreiðslu sem skila á ársfjórðungslega. Næsti gjalddagi er 20. okt. 2010 vegna tekna á ársfjórðungnum júlí-sept. og eindagi 4. nóv. 2010.

Vanskil

Ef skilaskyldur aðili framvísar ekki fullnægjandi skilagrein rafrænt eða á pappír innan tilskilinna tímamarka **skal ríkisskattstjóri áætla skilaskylda fjárhæð.**

Nánari upplýsingar veitir ríkisskattstjóri í síma 442-1000 og skattstofur um land allt.